

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 2. apríl 2019
UST201903-184/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag ferðaþjónustu í landi Borgareyrar - Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu á landbúnaðarlandi á jörðinni Borgareyrar í Rangárþing eystra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan nær til hluta jarðarinnar Borgareyrar og tekur tillagan til byggingar gestahúsa fyrir ferðaþjónustu fyrir allt að 45 gesti. Auk þess kemur fram að innan byggingareits B1 er heimilt að reisa allt að níu 30 m² gestahús og innan byggingareits B2 er heimilt að reisa tvö allt að 30 m² hús fyrir ferðaþjónustu.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Tjarnir og Tjarnanes og er númer 719 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem land með gróðri og dýralíf, þar sem er mólendi og votlendi með miklu fuglavarpi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni.


Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur